

2000 nr. 75 23. maí**Lög um brunavarnir**

Tóku gildi 1. janúar 2001. *Breytt með* l. 164/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003), l. 67/2007 (tóku gildi 4. apríl 2007), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 166/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009), l. 29/2009 (tóku gildi 2. apríl 2009), l. 161/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 10/2011 (tóku gildi 12. febr. 2011) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **umhverfis- og auðlindaráðherra** eða **umhverfis- og auðlindaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Markmið, gildissvið og skilgreiningar.**■ 1. gr. Markmið.**

□ [Markmið laga þessara er að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaefirlit, forvarnir og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi.]¹⁾

¹⁾ L. 161/2010, 1. gr.

■ 2. gr. Gildissvið.

□ Löggin gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi [nema kveðið sé á um annað í lögum þessum].¹⁾ [Löggin gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði.]²⁾ Löggin taka ekki til eldvarna í skipum [með haffærisskírteini],²⁾ loftförum, almennum vinnuvélum, bifreiðum eða öðrum vélknúnum ökutækjum.

¹⁾ L. 166/2008, 23. gr. ²⁾ L. 161/2010, 2. gr.

■ 3. gr. Skilgreiningar.

□ Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Atvinnuhúsnæði: Húsnæði þar sem almenningur kemur saman, dvelur, sækir þjónustu og þar sem hvers konar atvinnustarfsemi fer fram.

Bráð hætta: Þegar ætla má að fólk geti ekki forðað sér til öruggs staðar við eldsvoða eða mengunaróhöpp.

Brunahönnun: Sérstök hönnun sem tekur til brunavarna í mannvirkjum.

Brunavarnir: Eldvarnir, starfsemi slökkviliðs og aðrar aðgerðir einstaklinga og fyrirtækja sem mælt er fyrir um í þessum lögum.

Eldsvoði: Þegar eldur er laus og nauðsyn er sérstakra slökkviráðstafana.

Eldvarnir: [Allar fyrirbyggjandi aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir eldsvoða eða hindra útbreiðslu elds.]¹⁾

Mannvirki: [Hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, samgöngumannvirki, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, umferðar- og göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og togbrautir til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefnis eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum.]²⁾

[**Mengun:** Þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis, og hvers kyns óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.]¹⁾

[**Mengunaróhöpp:** [Þegar bráðamengun verður og eiturefni eða önnur efni berast eða kunna að berast í umhverfið og taf-

arlaus úrræði eru nauðsynleg vegna hættu á tjóni á umhverfi, heilsu fólks eða eignum.]¹⁾

[**Mengunartjón:** Tjón eða skaði sem hlýst af mengun umhverfis, hvar sem slík mengun kann að eiga sér stað á landi og af hvers konar völdum sem hún er. Mengunartjón tekur einnig til kostnaðar vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir tjón eða frekara tjón, og til skaða sem hlýst af slíkum ráðstöfunum.

[**Reykköfun:** Athafnir slökkviliðs þegar loft undir þrýstingi er notað til öndunar við slökkvistarf í afmörkuðu rými eða þar sem mengunaróhöpp hefur orðið.

[**Umhverfi:** Samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.]¹⁾

[**Vara:** Hvers kyns lausafjármunir, svo sem allar framleiðsluvörur og hráefni.

¹⁾ L. 161/2010, 3. gr. ²⁾ L. 10/2011, 1. gr.

II. kafli. Stjórn og skipan brunamála.**■ 4. gr. Yfirstjórn brunamála.**

□ [[Ráðherra]¹⁾ fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Mannvirkjastofnun er ráðherra til aðstoðar um málefni er falla undir lög þessi, sbr. lög um mannvirki.]²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 307. gr. ²⁾ L. 161/2010, 4. gr.

■ 5. gr. . . .¹⁾

¹⁾ L. 161/2010, 5. gr.

■ 6. gr. Samræming brunavarna.

□ [Mannvirkjastofnun]¹⁾ vinnur að samræmingu brunavarna í landinu og stuðlar að samvinnu þeirra sem starfa að brunavörnum. Stofnunin skal með sjálfstæðum athugunum og úttektum leiðbeina sveitarstjórnunum um kröfur sem gerðar eru til eldvarnaeftirlits og slökkviliða. [Að beiðni slökkviliðsstjóra getur Mannvirkjastofnun gert úttekt á brunavörnum mannvirkja í rekstri þar sem tilteknir starfsmenn eru þjálfaðir í brunavörnum og slökkvistarfi, sbr. 3. mgr. 24. gr.]¹⁾ Við úttektir og athuganir skal [Mannvirkjastofnun]¹⁾ leita umsagnar slökkviliðsstjóra áður en niðurstaða stofnunarinnar er send viðkomandi sveitarfélagi.

¹⁾ L. 161/2010, 6. gr.

■ 7.–8. gr. . . .¹⁾

¹⁾ L. 161/2010, 5. gr.

■ 9. gr. Brunamálaskóli.

□ [Mannvirkjastofnun starfrækir Brunamálaskóla sem ætlaður er slökkviliðsmönnum, þ.m.t. slökkviliðsstjórum og eldvarnaeftirlitsmönnum. Skólinn skal hafa umsjón með menntun slökkviliðsmanna, bóklegrí og verklegri, og fræðslu þeirra í starfi. Mannvirkjastofnun er heimilt með samningi að fela menntastofnun starfrækslu Brunamálaskólans. Enn fremur er heimilt að gera samning við slökkvilið eða aðra fagaðila um framkvæmd einstakra þátta í starfsemi skólans.

□ Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn fjögurra manna fagråd, og jafnmarga menn til vara, sem er Mannvirkjastofnun til ráðgjafar um fagleg málefni Brunamálaskólans. Samband íslenskra sveitarfélaga, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflytningamanna og Félag slökkviliðsstjóra tilnefna hvert sinn fulltrúa í fagråd og skipar ráðherra formann.

□ Ráðherra setur í reglugerð¹⁾ nánari ákvæði um starfsemi Brunamálaskólans og hlutverk fagráðs.]²⁾

¹⁾ Rg. 792/2001. ²⁾ L. 161/2010, 7. gr.

■ **10. gr. Ábyrgð sveitarstjórna.**

□ Sveitarstjórn hver í sínu umdæmi ber ábyrgð á starfsemi slökkviliðs og framkvæmd eldvarnaeftirlits. Sveitarfélag ber kostnað af þessari starfsemi.

III. kafli. Eftirlit og skyldur sveitarfélaga.

■ **11. gr. Starfsemi slökkviliðs.**

□ Sveitarfélagi er skylt að sjá um að starfsemi slökkviliðs fullnægi kröfum samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra.

□ Sveitarfélögum ber að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, t.d. úðakerfi í meiri háttar byggingum. Í sveitarfélagi þar sem vatnsöflun er erfið skal leita annarra lausna til að tryggja nauðsynlegar brunavarnir.

□ [Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði skal vera eitt af verkefnum slökkviliðs samkvæmt lögum þessum.]¹⁾

□ [Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskröfur um tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða, svo og um vatnsöflun til slökkvistarfa. Jafnframt skal í reglugerð kveða á um búnað og þjálfun slökkviliðsmanna vegna mengunaróhappa á landi og vegna björgunar á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum að fengnum tillögum Mannvirkjastofnunar og í samráði við Umhverfisstofnun.]¹⁾

¹⁾ L. 161/2010, 8. gr.

■ **12. gr. Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga.**

□ Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga er sú starfsemi slökkviliðs sem hefur eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um brunavarnir. Hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er að:

a. [framkvæma í samvinnu við byggingarfulltrúa öryggisúttekt og eftir atvikum lokaúttekt, sbr. lög um mannvirki, gefa umsagnir um brunavarnir við meðferð byggingarleyfissóknna óski byggingarfulltrúi þess og hafa þannig eftirlit með því að nýbyggingar og lóðir fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð],¹⁾

b. [gera úttekt á mannvirkjum . . . ¹⁾ og starfsemi í þeim, með tilliti til brunavarna, og á lóðum og öðrum svæðum utan dyra þar sem eldhætta getur skapast, t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar úrgangs eða geymslu eldfimra efna, og gera kröfur um nauðsynlegar úrbætur á brunavörnum til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir],²⁾

c. [hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til videigandi þvingunaríræða skv. VIII. kafla laga þessara og X. kafla laga um mannvirki ef þörf krefur.]¹⁾ Ef ljóst þykir að hætta skapist af slíkri búsetu skal enn fremur kæra málið til lögreglu],²⁾

[d.]²⁾ leiðbeina fyrirtækjum og stofnunum eftir atvikum um hvaðeina er varðar brunavarnir og eldsvoða vegna viðkomandi starfsemi,

[e.]²⁾ [hafa eftirlit með því að eigendur og forráðamenn mannvirkis í rekstri sinni skyldum sínum um brunavarnir samkvæmt lögum og reglugerðum í samræmi við leiðbeiningar sem Mannvirkjastofnun gefur út. Ef ljóst þykir að hætta skapist af ástandi brunavarna og eigandi eða forráðamaður mannvirkis sinnir ekki tilmælum slökkviliðsstjóra um úrbætur án ástæðulauss dráttar, eða ef um ítrekuð brot viðkomandi

eiganda eða forráðamanns er að ræða, skal kæra málið til lögreglu].¹⁾

[f.]²⁾ halda skrá yfir öll mannvirki og aðra staði þar sem eldsvoði getur valdið sérstakri hættu á manntjóni eða umtalsverðu tjóni á umhverfi eða öðrum verðmætum.

□ Heimilt er að fela skoðunarstofum eftirlit skv. 1. mgr., eftir því sem við á.

□ [Sveitarfélagi er heimilt að setja sér gjaldskrá um fjárhæð gjalda fyrir aðkomu slökkviliðs við gerð öryggis- og lokaúttekta skv. a-lið 1. mgr. og um innheimtu þeirra. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við einstök verkefni og skal byggð á rekstraráætlun þar sem fram koma þau rök sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjald skal ekki vera herra en nemur kostnaði við úttektina. Gjöldum þessum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.]¹⁾

¹⁾ L. 161/2010, 9. gr. ²⁾ L. 67/2007, 3. gr.

■ **13. gr. Brunavarnaáætlun.**

□ Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur [samþykki Mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar].¹⁾ Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

□ [Mannvirkjastofnun]²⁾ gefur út leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar.

¹⁾ L. 161/2010, 10. gr. ²⁾ L. 161/2010, 6. gr.

■ **[13. gr. a. Mannvirki innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka sem eru fyrirhuguð eða tilkomin vegna rannsóknna og vinnslu kolvetnis skulu háð sérstöku öryggismati sem framkvæmt er af notanda mannvirkis og staðfest af [Mannvirkjastofnun].¹⁾ Öryggismat þetta skal endurskoða að jafnaði á fimm ára fresti. [Ráðherra]²⁾ setur að fengnum tillögum [Mannvirkjastofnunar]¹⁾ reglugerð um útfærslu og framkvæmd öryggismats, svo og þau gögn og upplýsingar sem nauðsynlegar verður að telja til að matið byggist á öruggum forsendum. Í reglugerð þessari skal einnig kveðið á um hlutverk slökkviliða vegna eld- eða sprengihættu í þessu sambandi.**

□ [Mannvirkjastofnun annast framkvæmd eldvarnaeftirlits vegna mannvirkja samkvæmt grein þessari og setur um það reglur sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.]³⁾ [Mannvirkjastofnun]¹⁾ er heimil gjaldtaka vegna eldvarnaeftirlits, öryggismats og endurskoðunar öryggismats. Gjaldið má þó ekki vera herra en nemur rökstuddum kostnaði við gerð eða endurskoðun öryggismats og framkvæmd eldvarnaeftirlits.]⁴⁾

¹⁾ L. 161/2010, 6. gr. ²⁾ L. 126/2011, 307. gr. ³⁾ L. 161/2010, 11. gr. ⁴⁾ L. 166/2008, 25. gr.

■ **14. gr. Samstarf sveitarfélaga.**

□ Sveitarfélög geta haft samvinnu sín á milli um brunavarnir.

□ Tvö sveitarfélög eða fleiri geta samið um sameiginlegt slökkvilið. Sveitarfélagi er einnig heimilt að semja við annað sveitarfélag um að hafa með höndum verkefni og stjórn slökkviliðs að hluta. Um slíkt skal gera skriflegan samning sem skal tilkynna til [Mannvirkjastofnunar].¹⁾

¹⁾ L. 161/2010, 6. gr.

IV. kafli. Slökkvilið og slökkvistarf.**■ 15. gr. Slökkviliðsstjóri.**

□ [Sveitarstjórn ræður slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri ræður annað starfslíð slökkviliðsins. Í forföllum slökkviliðsstjóra er varaslökkviliðsstjóri yfirmaður slökkviliðs.]¹⁾

□ Slökkviliðsstjóri skal hafa hlotið löggildingu sem slökkviliðsmaður, sbr. 17. gr., og starfað að lágmarki í eitt ár í slökkviliði sem löggiltur slökkviliðsmaður eða hafa háskólamenntun með sérmenntun í brunamálum. Fáist ekki slökkviliðsstjóri til starfa sem uppfyllir framangreind hæfisskilyrði er sveitarstjórn heimilt að höfðu samráði við [Mannvirkjastofnun]²⁾ að ráða slökkviliðsstjóra tímabundið til starfa, þó ekki lengur en til tveggja ára í senn.

□ Semji sveitarfélög um sameiginlegt slökkvilið, sbr. 14. gr., skulu viðkomandi sveitarfélög ráða slökkviliðsstjóra sem er yfirmaður slökkviliðs á svæðinu.

¹⁾ L. 161/2010, 12. gr. ²⁾ L. 161/2010, 6. gr.

■ 16. gr. Skyldur slökkviliðsstjóra.

□ Slökkviliðsstjóri hefur eftirlit með því í sínu umdæmi að farið sé eftir lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim. Hann hefur umsjón með öllum tækjum slökkviliðs og eftirlit með virkni brunahana í umdæminu í samráði við rekstraraðila viðkomandi vatnsveitu.

□ Slökkviliðsstjóri stjórnar slökkvistarfi við eldsvoða og hefur stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp á landi. Við þessi störf er löggæslulið og opinberir eftirlitsaðilar undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögregla sér slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að vettvangsstað, stöðvar umferð um nærliggjandi götur, girðir af svæði sem slökkvilið þarf til að gegna störfum sínum, verndar brunarústir sem rannsaka þarf eða bjarga verðmætum úr og varðveitir muni sem bjargað er frá bruna þar til þeir eru afhentir réttum aðila.

□ Slökkviliðsstjóri skal tilkynna án tafar mengunaróhöpp til heilbrigðiseftirlits.

□ Slökkviliðsstjóra ber að sjá um fræðslu slökkviliðsmanna og þjálfun þeirra í brunavörnum, [björgunarstörfum]¹⁾ og viðbrögðum við mengunaróhöppum og að haldnar séu reglubundnar æfingar slökkviliðs.

□ Slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.

¹⁾ L. 161/2010, 13. gr.

■ 17. gr. Hæfi og löggilding slökkviliðsmanna.

□ Slökkviliðsmenn sem sækja um löggildingu til að starfa sem slökkviliðsmenn skulu hafa lokið námi fyrir slökkviliðsmenn við Brunamálastólann eða hlotið sambærilega menntun. Jafnframt skulu þeir hafa gegnt slökkvistarfi eða starfað við brunavarnir að aðalstarfi að lágmarki í eitt ár samfellt eða starfað í hlutastarfi í slökkviliði að lágmarki í fjögur ár. [Mannvirkjastofnun]¹⁾ veitir slíka löggildingu.

□ [Slökkviliðsmenn sem stunda reykjöfun skulu hafa staðist læknisskoðun, þrekpróf, þolpróf og aðra mælingu líkamstands samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.]¹⁾

□ [Ráðherra skal að fenginni tillögu Mannvirkjastofnunar setja reglugerð²⁾ um menntun og önnur skilyrði til að öðlast löggildingu, um reglubundna læknisskoðun vegna reykjöfunar og um réttindi og skyldur slökkviliðsstjóra og slökkviliðsmanna.]¹⁾

¹⁾ L. 161/2010, 14. gr. ²⁾ Rg. 792/2001.

■ 18. gr. Slysátrygging slökkviliðsmanna.

□ Slökkviliðsmenn og aðrir sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra skulu tryggð-

ir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna eða vegna mengunaróhappa á landi í samræmi við áhættu starfsins. Lágmarkstrygging þeirra skal vera í samræmi við skilmála um slysátryggingar starfsmanna sveitarfélaga samkvæmt kjarasamningum. Þeir sem verða fyrir tjóni við störf samkvæmt lögum þessum eiga rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarstjóði, enda verði tjónið ekki bætt af váttryggingafélagi. Náist ekki samkomulag um bætur skal tjónið metið af dómkvöddum mönnum.

■ 19. gr. Þjónustuskýlda í slökkviliði.

□ Allir verkfærir menn 18–60 ára að aldri sem hafa búsetu í sveitarfélagi eru skyldir til þjónustu í slökkviliði. Þeim er skylt að koma til æfinga í störfum slökkviliðs allt að 20 klukkustundir á ári og auk þess skulu þeir koma hvenær sem eldsvoða ber að höndum samkvæmt nánari reglum um útköll.

□ Sveitarstjórn skipar menn í slökkvilið, sbr. 1. mgr., að fengnum tillögum slökkviliðsstjóra. Um þóknun fyrir störf í slökkviliði fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar að höfðu samráði við samtök slökkviliðsmanna.

□ Í sveitarfélögum þar sem slökkvilið er skipað fastráðnum starfsmönnum má takmarka skyldur skv. 1. og 2. mgr. eða fella þær niður.

■ 20. gr. Sérstök heimild slökkviliðs.

□ [Slökkviliðsstjóra og eftirlitsmönnum hans skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal til myndatöku, á öllum þeim stöðum þar sem skoðunar eða eftirlits er þörf samkvæmt lögum þessum. Ekki er þó heimilt að fara í þessum tilgangi inn í íbúðarhús sem tekið hefur verið í notkun án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum úrskurði dómara.]¹⁾

□ Heimilt er slökkviliði, lögreglu eða þeim sem þessir aðilar kveða til að fjarlægja hvern þann sem truflar slökkvistarf eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja starf slökkviliðs.

□ Slökkviliði er heimilt að veita aðstoð við slökkvistarf eða viðbrögð við mengunaróhappi utan eigin umdæmis. Slökkviliðsstjóri ákveður hverju sinni hvernig aðstoð er veitt án þess að brunavörnum í umdæmi slökkviliðs sé stofnað í hættu að hans mati. Það sveitarfélag sem aðstoðar nýtur greiðir kostnað við hana. Verði ágreiningur um kostnað skal hann ákveðinn af dómkvöddum matsmönnum.

¹⁾ L. 161/2010, 15. gr.

V. kafli. Almennar skyldur.**■ 21. gr. Skylda til að koma í veg fyrir eða takmarka tjón af völdum eldsvoða og mengunaróhappa.**

□ Sé eldur laus eða hafi mengunaróhapp orðið á landi eða bráð hætta er á að slíkt atvik verði skal sá er þess verður vís leitast við að bjarga fólki frá bráðri lífshættu og vara þá við sem nærstaddir eru. Geti hann það ekki skal hann tafarlaust kveða til slökkviliðs eða aðra tiltæka hjálp.

□ [Þegar eldsvoða eða mengunaróhapp ber að höndum er hverjum manni skylt að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því að brotið verði niður og rutt burt því sem til fyrirstöðu er við slökkvistarf eða aðgerðir vegna mengunaróhapps. Heimilt er að rífa niður byggingar ef slökkviliðsstjóri álitur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds eða mengunar. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld sem til næst og að gagni mega koma við störf sín þegar eldsvoða eða mengunaróhapp ber að höndum.

□ Fjártjón sem hlýst af ráðstöfunum vegna eldsvoða skv. 2. mgr. telst brunatjón og skal viðkomandi váttryggingafélag bæta það sé eign brunatryggð. Sveitarstjórn greiðir kostnað

sem kann að koma til vegna nauðsynlegra aðgerða við framkvæmd slökkvistarfs og váttryggingafélag greiðir ekki. Sveitarstjórn greiðir einnig kostnað sem kann að koma til vegna nauðsynlegra aðgerða vegna mengunaróhapps í þeim tilvikum þegar sá sem veldur mengunaróhappi er ekki ábyrgur fyrir kostnaði við slíkar aðgerðir samkvæmt öðrum lögum.]¹⁾

¹⁾ L. 161/2010, 16. gr.

■ **22. gr. Meðferð elds og eldfimra efna.**

□ Fara skal þannig með eld, eldfim efni og önnur hættuleg efni að sem allra minnst hættu sé á því að eldsvoði eða tjón af völdum mengunar geti af því hlotist.

VI. kafli. Skyldur eigenda og forráðamanna mannvirkja.

■ **23. gr. Brunavarnir mannvirkja.**

□ [Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum og að brunavarnir taki mið af þeirri starfsemi sem fer fram í mannvirkinu eða á lóð þess á hverjum tíma.]¹⁾

□ Eigandi og eftir atvikum forráðamaður mannvirkis ber ábyrgð á eigin brunavörnum, að þær séu virkar og að haft sé reglubundið eftirlit með þeim. Jafnframt er þeim skylt að hlíta fyrirmælum eftirlitsmanna sveitarfélaga og opinberra stofnana um úrbætur sem eiga sér stoð í lögum og reglugerðum um brunavarnir, byggingarmál, öryggismál, hollustuhætti og mengunarvarnir og eiturefni og hættuleg efni.

□ Séu breytingar gerðar á mannvirki, eða starfsemi þess breytt þannig að gerðar eru nýjar eða auknar kröfur um brunavarnir í því, er eigandi eða forráðamanni skylt að fá til þess samþykki [byggingarfulltrúa]²⁾ og jafnframt að gera viðeigandi ráðstafanir til að kröfum um brunavarnir sé fullnægt fyrir hið breytta mannvirki eða hina breyttu starfsemi. [Áður en byggingarfulltrúi veitir samþykki sitt skal hann leita álits slökkviliðsstjóra.]²⁾

□ [Ef breytingar eru gerðar á atvinnuhúsnæði með það að markmiði að nýta það til búsetu ber eiganda að afla sér tilskilinnna leyfa áður en fólk tekur sér þar búsetu.]¹⁾

¹⁾ L. 67/2007, 4. gr. ²⁾ L. 161/2010, 17. gr.

■ **24. gr. [Sérstök eldhætta eða hættu á mengun frá mannvirki eða lóð þess.**

□ Skylt er að láta fara fram sérstaka brunahönnun á mannvirki og/eða lóð þegar um er að ræða nýtt mannvirki þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast eða þar sem hættu er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða. Brunahönnun skal lögð fyrir byggingarnefnd til samþykktar, sé hún til staðar, að öðrum kosti byggingarfulltrúa. Byggingarnefnd eða byggingarfulltrúi skal leita álits slökkviliðsstjóra um brunahönnun áður en hún er samþykkt.

□ Sé um að ræða lóð eða mannvirki sem þegar er byggt og er í rekstri og þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast eða þar sem hættu er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða skal slökkviliðsstjóri gera úttekt á brunavörnum þess, gera kröfu um úrbætur ef ástæða er til og leggja hana fyrir eiganda eða forráðamann. Sé brunavörnum slíks mannvirkis og lóðar í veigamiklum atriðum ábótavant getur slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi gert kröfu um að gerð sé brunahönnun á mannvirkinu.]¹⁾

□ Slökkviliðsstjóri getur að höfðu samráði við sveitarstjórn lagt svo fyrir að í mannvirkjum, sbr. 2. mgr., séu gerðar sérstakar ráðstafanir til brunavarna, t.d. með uppsetningu á sérhæfðum búnaði til viðvörunar- og slökkvistarfs og þjálfun

tiltekinna starfsmanna í brunavörnum og slökkvistarfi. Slíkar ráðstafanir skulu koma fram í brunavarnaáætlun. Eigandi mannvirkis greiðir kostnað af slíkum ráðstöfunum.

□ Ráðherra skal að fengnum tillögum [Mannvirkjastofnunar]²⁾ setja reglugerð³⁾ um brunahönnun mannvirkja.

¹⁾ L. 10/2011, 2. gr. ²⁾ L. 161/2010, 6. gr. ³⁾ Rg. 112/2012, sbr. 1173/2012 og 350/2013.

■ **25. gr. Kröfur til brunaöryggis vöru.**

□ Hver sá sem framleiðir, flytur inn eða selur vöru sem haft getur áhrif á öryggi mannvirkja og fólks gagnvart eldi skal ábyrgjast að varan fullnægi öryggiskröfum á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við fyrirsjáanlega og eðlilega notkun vörunnar.

□ Hafi slík vara ekki fullgilda viðurkenningu á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 1. mgr., skal sá sem framleiðir, flytur inn eða selur vöruna leita viðurkenningar hjá [Mannvirkjastofnun]¹⁾ áður en varan er sett á markað hér á landi. Kostnaður vegna beiðni um viðurkenningu skal borinn af þeim sem óskar viðurkenningar.

□ [Mannvirkjastofnun]¹⁾ sker úr um ágreining vegna notkunarviðs vöru.

□ [Telji Mannvirkjastofnun að vara fullnægi ekki kröfum skv. 1. mgr. er stofnuninni heimilt að banna sölu eða afhendingu vörunnar og krefjast þess að hún verði afturkölluð og tekin af markaði. Um málsmeðferð Mannvirkjastofnunar og réttarfarsúrræði fer samkvæmt ákvæðum VIII. kafila laga um mannvirki.]²⁾

¹⁾ L. 161/2010, 6. gr. ²⁾ L. 161/2010, 19. gr.

VII. kafli. Tilkynningar um eldsvoða og rannsóknir.

■ **26. gr. Tilkynningarskylda.**

□ Þeim sem verður fyrir brunatjóni er skylt að tilkynna það til hlutaðeigandi lögreglustjóra svo fljótt sem unnt er.

■ **27. gr. Lögreglurannsókn.**

□ Lögregla rannsakar eldsvoða þegar eftir brunatjón samkvæmt ákvæðum laga um meðferð [sakamála]¹⁾ og kveður til sérfróða menn eftir því sem hún telur þörf á. Hún tilkynnir [Mannvirkjastofnun]²⁾ . . . ³⁾ um eldsvoðann og rannsókn sína.

□ Að lokinni rannsókn sendir lögreglan afrit af rannsóknargögnum til [Mannvirkjastofnunar],²⁾ hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra og váttryggingafélags nema öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum.

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr. ²⁾ L. 161/2010, 6. gr. ³⁾ L. 161/2010, 20. gr.

■ **28. gr. Rannsókn [Mannvirkjastofnunar].¹⁾**

□ Verði manntjón eða mikið eignatjón í eldsvoða skal [Mannvirkjastofnun],¹⁾ óháð lögreglurannsókn, rannsaka eldsvoðann, kröfur eldvarnaeftirlits og hvernig að slökkvistarfi hafi verið staðið.

□ Váttryggingafélög skulu senda [Mannvirkjastofnun]¹⁾ upplýsingar ár hvert um bætt tjón af völdum bruna og mengunaróhappa á landi.

□ [Mannvirkjastofnun getur krafð sveitarfélög nauðsynlegra upplýsinga um stöðu brunavarna og um búnað og starfsemi slökkviliða í sveitarfélaginu.]²⁾

¹⁾ L. 161/2010, 6. gr. ²⁾ L. 161/2010, 21. gr.

VIII. kafli. Þvingunarúrræði og viðurlög.

■ **29. gr. Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.**

□ [Ef ákvæði laga þessara eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim eru brotin skal slökkviliðsstjóri þegar í stað gera ráðstafanir til að úr verði bætt. Byggingarfulltrúi eða

eftir atvikum heilbrigðisfulltrúi viðkomandi sveitarfélags aðstoðar slökkviliðsstjóra til að knýja eiganda og eftir atvikum forráðamann mannvirkis til úrbóta.]¹⁾

□ Slökkviliðsstjóri getur beitt eftirfarandi aðgerðum til að knýja fram úrbætur vegna mannvirkis . . . ,²⁾ [starfsemi í því eða á lóðum og öðrum svæðum utan dyra þar sem eldhætta getur skapast, t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar sorps og annars úrgangs eða geymslu eldfimra efna [eða vegna brota á ákvæðum laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim]²⁾].¹⁾

1. veitt skriflega áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,

2. fyrirskipað öryggisvakt á kostnað eiganda eða forráðamanns og veitt skriflega áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,

3. bannað notkun mannvirkis að hluta eða að öllu leyti þar til úr hefur verið bætt og krafist lokunar.

□ [Sé ákvæðum 2. mgr. beitt skal eigandi eða umráðamaður mannvirkis eða lóðar bera kostnað af eftirliti með því að farið hafi verið að kröfum um úrbætur. Sveitarfélag skal setja sér gjaldskrá um fjárhæð gjalda fyrir eftirlit samkvæmt þessari grein og um innheimtu þeirra. Gjöld skulu ekki vera hærri en nemur kostnaði við framkvæmd eftirlitsins. Gjöldum samkvæmt þessari málsgrein fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi. [Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.]²⁾]¹⁾

□ [Slökkviliðsstjóri getur ákveðið að gerðar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað eiganda eða forráðamanns mannvirkis.]²⁾ Kostnað má innheimta með fjárnámi.

¹⁾ L. 67/2007, 5. gr. ²⁾ L. 161/2010, 22. gr.

■ 30. gr. Öryggisvakt.

□ Ef unnt er að tryggja lágmarksöryggi fólks með aðgerðum til bráðabirgða skal slökkviliðsstjóri fyrirskipa að staðin verði öryggisvakt, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 29. gr., á kostnað eiganda eða forráðamanns meðan unnið er að úrbótum. Notkun mannvirkis er heimil meðan unnið er að úrbótum.

■ 31. gr. Lokun mannvirkis.

□ Slökkviliðsstjóri skal krefjast lokunar mannvirkis, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 29. gr., ef um alvarleg tilvik eða ítrekað brot er að ræða, enda verði öryggisvakt ekki við komið. Ef aðili sinnir ekki úrbótum innan tilskilins frests, sbr. 1. og 2. tölul. 2. mgr. 29. gr., getur slökkviliðsstjóri jafnframt krafist lokunar mannvirkis.

□ Slökkviliðsstjóri skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi sveitarstjórn, eiganda og/eða forráðamanni mannvirkis fyrirhugaða lokun. Að því loknu skal lögreglustjóri loka mannvirki þar til gerðar hafa verið viðeigandi úrbætur að mati slökkviliðsstjóra og lögreglustjóra.

■ 32. gr. Dagektir.

□ Í áminningu skv. 1. og 2. tölul. 29. gr. skal koma fram að sinni aðili ekki úrbótum innan tilskilins frests sé heimilt að krefjast dagekta eftir að frestur er liðinn þar til úr hefur verið bætt . . . ¹⁾ [Slökkviliðsstjóri tekur ákvörðun um að leggja á dagektir samkvæmt þessari grein.]¹⁾ Dagektir renna til viðkomandi sveitarsjóðs og skal hámark þeirra vera 500.000 kr. á dag. Dagektir má innheimta með fjárnámi.

¹⁾ L. 67/2007, 6. gr.

■ 33. gr. Íhlutun [Mannvirkjastofnunar]¹⁾ og ráðherra.

□ Telji [Mannvirkjastofnun]¹⁾ að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim og slökkviliðsstjóri geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta skal [Mannvirkjastofnun]¹⁾ benda slökkviliðsstjóra á það sem bæta þarf

úr. [Mannvirkjastofnun]¹⁾ hefur rétt til að beita sömu þvingunarúrráðum og slökkviliðsstjóri ef ekki er úr bætt.

□ Telji [Mannvirkjastofnun]¹⁾ að sveitarstjórn sinni ekki skyldu sinni samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim ber stofnuninni að undangenginni viðvörðun til sveitarstjórnar að tilkynna það [ráðuneytinu].²⁾ Telji ráðherra að sveitarstjórn sinni ekki skyldu sinni getur ráðuneytið gripið til nauðsynlegra aðgerða á kostnað viðkomandi sveitarfélags.

¹⁾ L. 161/2010, 6. gr. ²⁾ L. 126/2011, 307. gr.

■ 34. gr. Refsingar.

□ Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum. Séu sakir miklar varða brot fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

□ Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot hans framin í starfi hans hjá lögaðilanum.

■ 35. gr. Málsmeðferð.

□ Við meðferð mála samkvæmt þessum kafla skal fylgja ákvæðum stjórnarsýslulaga eftir því sem við á.

IX. kafli. Málsmeðferð og ýmis ákvæði.

■ 36. gr. Ágreiningur um framkvæmd laganna.

□ Rísi ágreiningur um ákvörðun annars aðila en [ráðherra]¹⁾ um framkvæmd laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim er heimilt að kæra umrædda ákvörðun til ráðherra sem kveður upp endanlegan úrskurð á stjórnarsýslustigi. Þetta gildir þó ekki um lögreglurannsókn skv. 27. gr. Um kærurétt og málsmeðferð fer eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga.

□ Ef upp kemur ágreiningur á milli slökkviliðsstjóra annars vegar og eiganda eða forráðamanns hins vegar um úrræði þau sem mælt er fyrir um í 29.–32. gr. er heimilt að vísa þeim ágreiningi til [Mannvirkjastofnunar].²⁾

□ Heimilt er að kæra ákvörðun sem tekin er á grundvelli VIII. kafla til ráðherra og skal það gert innan mánaðar frá því að hún var tilkynnt.

¹⁾ L. 126/2011, 307. gr. ²⁾ L. 161/2010, 6. gr.

■ 37. gr. . . .¹⁾

¹⁾ L. 161/2010, 23. gr.

■ 38. gr. Námsstyrkir.

□ Heimilt er [Mannvirkjastofnun]¹⁾ að veita þeim sem starfa að brunamálum styrki til náms á sviði brunamála í samræmi við fjárlög hverju sinni.

□ [Mannvirkjastofnun annast úthlutun styrkja.]²⁾ Ráðherra setur ákvæði um styrki og úthlutun þeirra í reglugerð.³⁾

¹⁾ L. 161/2010, 6. gr. ²⁾ L. 161/2010, 24. gr. ³⁾ Rg. 266/2001.

■ [38. gr. a. Þjónustuaðilar brunavarna.

□ Þeir sem bjóða þjónustu við viðhald, skoðun, áfyllingu og þrýstiprófun handslökkvitækja og reykköfunarbúnaðar skulu hafa starfsleyfi Mannvirkjastofnunar. Skilyrði til að öðlast slíkt starfsleyfi er að viðkomandi þjónustuaðili uppfylli kröfur reglugerðar¹⁾ sem ráðherra setur um húsnæði, öryggi og lágmarkstækjabúnað vegna starfseminnar og að þeir starfsmenn sem annast uppsetningu, viðhald og skoðun slíks búnaðar hafi lokið námi og staðist próf sem Mannvirkjastofnun heldur.

□ Þeir sem annast uppsetningu, viðhald og þjónustu brunaviðvörðunarkerfa og slökkvikerfa, svo og þeir sem annast

brunapéttingar mannvirkja, skulu hafa starfsleyfi frá Mannvirkjastofnun og skulu viðkomandi starfsmenn hafa lokið námi sem Mannvirkjastofnun viðurkennir.

□ Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis skv. 1. og 2. mgr. er að sett hafi verið upp fullnægjandi gæðastjórnunarkerfi vegna starfseminnar í samræmi við kröfur sem ákvæðnar eru í reglugerð.

□ Mannvirkjastofnun getur svipt þjónustuaðila starfsleyfi ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Sama á við ef þjónustuaðili hlítir ekki fyrir mælum Mannvirkjastofnunar eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

□ Ráðherra setur í reglugerð¹⁾ nánari kröfur um framkvæmd þessarar greinar, þ.m.t. um veitingu starfsleyfis fyrir starfsmenn þjónustuaðila og um nám þeirra og próf.

□ Mannvirkjastofnun er heimilt að innheimta gjald við útgáfu starfsleyfis samkvæmt þessari grein og fyrir námskeiðshald. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við einstök verkefni og skal byggð á rekstraráætlun þar sem fram koma þau rök sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.]²⁾

¹⁾ Rg. 1067/2011. ²⁾ L. 161/2010, 25. gr.

■ **39. gr. Reglugerðarheimild.**

□ Ráðherra setur með reglugerð¹⁾ nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fenginni tillögu [Mannvirkjastofnunar].²⁾

□ Reglugerð³⁾ um brunavarnir í samgöngumannvirkjum setur ráðherra að fengnum tillögum [Mannvirkjastofnunar]²⁾ og að fenginni umsögn [þess ráðherra er fer með samgöngumál].⁴⁾

□ Við setningu reglugerða samkvæmt lögum þessum skal hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um atriði sem varða skyldur sveitarfélaga.

¹⁾ Rg. 914/2009. Rg. 1067/2011. Rg. 1068/2011. ²⁾ L. 161/2010, 6. gr. ³⁾ Rg. 614/2004. ⁴⁾ L. 126/2011, 307. gr.

■ **40. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001 . . .

□ Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru samkvæmt eldri lögum skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við lög þessi.¹⁾

¹⁾ Rg. 198/1994 og rg. 200/1994.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I.** Á árunum 2001 til og með 2005 er Brunamálastofnun heimilt að veita þeim sveitarfélögum tímabundinn fjárstuðning sem sameinast um rekstur eldvarnaeftirlits og/eða slökkviliðs, sbr. 14. gr., eftir reglum¹⁾ sem ráðherra setur að fenginni umsögn brunamálaráðs. Heildarfjárstuðningur skal ákveðinn í fjárlögum hvers árs og skal hann ekki vera lægri ár hvert en sem nemur mismun á innheimtu brunavarnagjaldi annars vegar og kostnaði við rekstur Brunamálastofnunar hins vegar.

¹⁾ Rgl. 739/2001.

■ **II.** Í sveitarfélögum skal liggja fyrir brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara. Brunamálastofnun gefur út leiðbeiningar um efni og gerð slíkra áætlana innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.

■ **III.** Ákvæði 15. gr. um hæfisskilyrði slökkviliðsstjóra gilda ekki um þá slökkviliðsstjóra sem ráðnir hafa verið til starfa fyrir gildistöku laga þessara.

■ **IV.** Endurskoða skal ákvæði laga þessara og annarra laga sem fjalla um byggingarefni og öryggi bygginga, sem og ákvæði reglugerða á þeim byggðum, með það fyrir augum að sameina réttarheimildir um byggingar og önnur mannvirki og einfalda framkvæmd þeirra, þar með að heimila notkun skoðunarstofa í eftirliti með gerð og viðhaldi bygginga og annarra mannvirkja.

■ **V.** Ef í ljós kemur að atvinnuhúsnæði er í óleyfi nýtt til búsetu er slökkviliðsstjóra heimilt að krefjast þess, í samvinnu við byggingarfulltrúa, að gerðar séu nauðsynlegar úrbætur á brunavörnum í húsnæðinu til að tryggja öryggi fólks þrátt fyrir að búseta sé þar óheimil samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Eigi síðar en 1. janúar 2009 skulu eigendur slíks húsnæðis hafa aflað sér leyfis samkvæmt skipulags- og byggingarlögum fyrir breyttri notkun húsnæðisins þannig að búseta verði þar heimil. Fáist ekki slíkt leyfi skal eigandi eigi síðar en 1. mars 2009 rýma húsnæðið og láta af hinni ólögmatu notkun, enda hafi slökkviliðsstjóri ekki fyrir þann tíma fyrirskipað lokun þess skv. 31. gr. Þótt ekki fáist leyfi fyrir búsetu í húsnæðinu á eigandi mannvirkis ekki rétt á skaðabótum vegna kostnaðar hans af úrbótum skv. 1. másl.]¹⁾

¹⁾ L. 67/2007, 7. gr.